

Minnisblað

Til:
Frá: Axel Rodriguez Överby
Dags. 17. september 2019
Mnr. 2019060008



ÍSAFJÖRDARBÆR

Minnisblað Skipulags- og byggingarfulltrúa

Stofnun lóðar nr. 49. við Tunguskóg var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum þ.e.a.s. lóðarhöfum aðliggjandi lóða, sbr. bókun á fundi skipulags- og mannvirkjanefndar nr. 521 tímabil grenndarkynningar var frá og með 25. júní sl. til og með 25. júlí sl.

Eftirfarandi var bókað á fundi nefndar:

„Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila grenndarkynningu og stofnun lóðar. Grenndarkynnt yrði fyrir eigendum bústaða aðliggjandi lóða þ.e. lóð 39 Hóll, lóð 41 Hálsakot, Lóð 48 Lækjahvammur og lóð 50 Fannardalur“


Við grenndarkynningu bárust athugasemdir frá lóðarhöfum við bústaði 47-48 og 39, athugasemdir frá lóðarhafa (Hrafn Snorrason) við bústað nr. 39 voru þess eðlis að hægt er að taka tillit til þeirra í hönnunarargögnum og með kvöðum í lóðaleigusamning. Athugasemdir beinast að göngustíg og streng OV sem þar liggur, sem og aðgengi að bústað nr. 48. Þriðja lið í athugasemdum Snorra verður svarað síðar með grenndarkynningu byggingaráforma komi til þess að byggt verði á lóðinni.



Athugasemdir frá lóðarhöfum bústaða við Tunguskóg 47 og 48 eru þess eðlis að lóðarhafar hafa lagt í kostnað við gerð bílastæða fyrir neðan lóð nr. 49, framkvæmdin var samþykkt á fundi Umhverfisstofnunar 28.03.2007,

Óljóst er hvort heimildin til þess að breyta heimkeyrslu og útbúa bílastæði utan við lóð nr. 49 hafi verið varanleg eð hvort sú heimild hafi átt að vara á meðan umrædd lóð væri ekki nýtt. Leiða má að því líkum að umrædd samþykkt hafi átt að heimila nýtingu bílastæða á meðan lóðinni væri ekki úthlutað þar sem ekki hefur verið gerður samningur um umrædda lóð og nýtingu s.s. með lóðaleigusamning eða samning um önnur afnot. Núgildandi skipulags- og byggingarreglugerð gera ráð fyrir bílastæðum almennt innan lóða í skipulagi.

Að mati byggingarfulltrúa falla umrædd stæði að mestu utan við lóðamörk lóðar nr. 49 líklegast er skynsamlegasti kosturinn að gera þríhliða samkomulag bústaðareigenda um



bílastæðin þ.e. breikkun í átt að bústað nr. 50 sem nýttist lóðarhöfum 47-48-49 og 50